

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Baldurshaga og breytingu á deiliskipulagi í Sandgerðisbót, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. maí 2005 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að deiliskipulagi um 5000 m² opins svæðis milli Þórunnarstrætis og Mylluklappar, norðan nyrsta hluta Brekkugötu. Skv. tillögunni verður svæðið ein lóð með tveimur 7 hæða húsum með um 40 íbúðum. Aðkoma að þeim verður frá hringtorgi sem kemur þar sem Helgamagrastræti og Brekkugata mætast en núverandi götustubbur norðan lögreglustöðvar leggst af.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi smábátahafnar í Sandgerðisbót. Breytingin felst í því að lóðirnar nr. 24 og 26 við Óseyri eru sameinaðar. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunní að verða fyrir vegna þessarar breytingar.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 27. maí 2005.

Ármann Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.